

Nd.

### 192. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1905 um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfé.

Frá landbúnaðarnefndinni.

Fyrsta málsgrein í 1. gr. hljóði svo :

Það er öllum bannað að flytja hingað til lands frá útlöndum sauðfénað, nautgripi, hesta, svín, geitur og hunda.

#### A t h u g a s e m d .

Hingað til lands flyzt árlega talsvert af hundum og munu það nær undantekningarlaust vera ó þ a r f a hundar.

Flestir eru þeir fylgjandi útlendum ferðamönnum eða þá »skemti«-hundar, sem einstöku Íslendingar panta sér erlendis frá.

Gagn af þessum innflutningi fyrir landið er alls ekkert, en þar á móti er ógagnið tilfinnanlegt, því að á þann hátt flyzt við og við hingað hundapest, sem oft og tíðum gjörir landsmönnum nær óbætanlegt tjón.

Það virðist engin ástæða til að láta þenna innflutning afskiftalausán af hinu opinbera. —